Fullgild rafræn undirskrift
BERGNÝ JÓNA SÆVARSDÓTTIR
2026-09-21 12:04:17 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
EDDA LAUFEY LAXDAL
2026-09-21 12:17:18 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KARL SIGURÐUR ALVAR ALVARSSON
2026-09-21 14:04:13 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VILHJÁLMUR ÁRNASON
2026-09-21 17:13:18 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALA HRÖNN VIGGÓSDÓTTIR
2026-09-22 20:13:00 GMT
Ástæða: Undirskrift

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
6. fundur 2026 (145. fundur)
FS ritar fundargerð

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 16. september 2026, kl. 8:15, á skrifstofum Isavia á 4. hæð flugstöðvar Leifs Eiríkssonar - fundarherbergi KEF-Reykjavík.

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Bergný Jóna Sævarsdóttir	skipulagsnefnd
Vala Hrönn Viggósdóttir	"
Vilhjálmur Árnason	"
Edda Laxdal	varafulltrúi
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Friðfinnur Skaftason	ritari

Forföll:

Jón B. Guðnason	skipulagsnefnd

Gestir:
Undir dagskrárlið nr. 7: Frá Isavia, Brynjar Vatnsdal deildarstjóri þróunardeildar og Maren Lind Másdóttir, framkvæmdastjóri flugvallarþróunar og innviða.

1. **Ný skipan í nefndina.**
Nefndarmenn kynna sig og dagskrá samþykkt.

2. **Hlutverk skipulagsnefndar.**
Formaður kynnir hlutverk nefndarinnar, m.a. lagagrunn, fjallar um skipan nefndarinnar, skipulagsferlið, helstu verkefni, þátttöku í svæðisskipulagi Suðurnesja, hvernig starfi nefndarinnar er háttað og um hæfi nefndarmanna.

3. **Nýjar og uppfærðar starfsreglur skipulagsnefndar, nr. 951/2026.**
Sjá á island.is, https://island.is/stjornartidindi/nr/69c7fe40-56c9-4304-869a-9d9457f4e156.
Formaður kynnir starfsreglur nefndarinnar.

4. **Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2023-2040, tillaga í auglýsingu - staðan.**
Mál nr. 567/2023 í Skipulagsgátt.
Til kynningar: Skipulagsfulltrúi upplýsir að aðalsskipulagstillagan er í auglýsingu í Skipulagsgátt. Kynningartími er til 23. október 2026. Vakin verður athygli á málinu í fjölmiðlum.

5. **Umsagnarbeiðni, mál nr. 853/2024. Umhverfismatsskýrsla til kynningar.**
Mál nr. 853/2024 í Skipulagsgátt, Reykjanesbraut, Hafnavegur - Garðskagavegur.
Kynningartími er til 13. október 2026.
Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar hefur óskað eftir umsögn skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar um umhverfismatsskýrslu vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar á milli Hafnarvegar og Garðskagavegar.
Skýrslan er kynnt og fundarmenn beðnir að senda skipulagsfulltrúa sínar athugasemdir ef einhverjar eru. Vakin er athygli á að í skýrslunni er fjallað um samræmi

framkvæmdarinnar við gildandi aðalskipulag Keflavíkurflugvallar (kafli 2.3.3).
Afgreiðsla: Málinu er frestað til næsta fundar.

6. **Herflug, hávaði og mælingar.**
Málinu er frestað til næsta fundar.

7. **Kynning frá Isavia á fyrirhuguðum framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli næstu ár.**
Til kynningar: Brynjar Vatnsdal og Maren Lind Másdóttir kynna starfsemi og umsvif Isavia á Keflavíkurflugvelli og uppbyggingaráform á vellinum. Fram kemur m.a. að Isavia byggir á þróunaráætlun sinni (MP). Isavia stefnir að því að hefja vinnu við uppfærsla MP á næsta ári. Umræður eru m.a. um hvaða starfsemi eigi að vera næst flugvellinum og afísingarsvæði flugvéla.

8. **Önnur mál.**
Önnur mál eru ekki tekin fyrir.

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 14. október kl. 8:15.
Stefnt er að því að kynna verklagsreglur nefndarinnar, fá framkvæmdastjóra Kadeco og fulltrúa frá Öryggisnefnd Félags Íslenskra atvinnuflugmanna á næsta fund.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:05.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:
https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx